

## Námsvísir 6. bekkur íslenska

Fag: íslenska

Kennari: Freyja Ólafsdóttir og Katrín Benediktsdóttir

Tímafjöldi á viku: 6 tímar

**Bekkur: 6. bekkur**

Unnið er í teymi með 5. bekk flestar kennslustundir. Áhersla er lögð á frumþætti móðurmálsins, sem eru talað mál, hlustun, lestur og ritun. Leitast er við að auka orðaforða, efla málsskilning og örva málnotkun eins og unnt er. Í grófum dráttum má skipta íslenskunáminu niður í fjóra flokka, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Áhersla er á að efla sjálfstæði nemenda í að lesa fyrirmæli og vinna eftir þeim.

**Námsmat:** Lesfímipróf og lesskilningspróf eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Leiðsagnarmat er yfir annirnar og íslenskupróf lagt fyrir í desember og maí.

**Grunnþættir menntunar**

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"><li>• geti átt umræður um mikilvægi heilbrigðis og velferðar. Notast er við þau tækifæri sem upp koma til þess að efla þá hugsun.</li><li>• getur tjáð hugsanir, skoðanir og tilfinningar sínar.</li><li>• áttar sig á styrkleikum sínum og áhugasviði.</li><li>• þekkir styrkleika sína og byggir upp góða sjálfsmynd.</li><li>• upplifi jákvætt andrúmsloft og jákvætt viðhorf til íslenskunáms.</li></ul>
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"><li>• virðir jafnan rétt einstaklinga.</li><li>• ræktar hæfileika á eigin forsendum.</li><li>• getur rýnt í margskonar texta án fordóma.</li><li>• áttar sig á mismunandi þjóðfélagshópum í samfélaginu sem þurfa að vinna saman á jafnréttisgrundvelli.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• getur valið sér viðfangsefni út frá áhugasviði og styrkleika.</li></ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins.</li> <li>• tileinkar sér lýðræðisleg vinnubrögð.</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur lesið sér til gagns og gleði.</li> <li>• getur lesið fjölbreyttan texta og notað til þess mismunandi lestraraðferðir.</li> <li>• vinnur á fjölbreyttan hátt með læsi eins og t.d. menningarlæsi, umhverfislæsi og upplýsingalæsi.</li> <li>• skapar eigin merkingu og bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem hann les.</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notar íslensku á fjölbreyttan og skapandi hátt.</li> <li>• getur rökrætt um margvísleg álitamál og ágreiningsefni.</li> <li>• beitir gagnrýnni hugsun og getur sett sig í spor annarra.</li> <li>• tekur virkan þátt í skólasterfinu.</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtir ímyndunaraflið til að leika sér með ýmsa möguleika tungumálsins.</li> <li>• tjáir eigin skoðanir og tilfinningar á fjölbreyttan hátt.</li> </ul>

## Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Kennslu- / námsaðferðir	Mat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	<p>Málrækt 2.</p> <p>Annar Smellur.</p> <p>Orðspor 2.</p> <p>Orðspor 2 vinnubók.</p> <p>Lestrarbækur við hæfi hvers og eins.</p> <p>Íslenskuforrit og spil.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.</li> <li>• hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem er og greint frá aðalatriðum.</li> <li>• átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Framsagnaeðingar þar sem nemendur segja frá eigin upplifun. Nemendur æfa sig í að hlusta á hina segja frá.</li> <li>• Hlustunareðingar þar sem spurt er úr texta.</li> <li>• Upplestur úr bókum og námsefni þar sem umræður eru um erfið orð og spurt úr og rætt um texta.</li> </ul>	<p>Leiðsagnarmat og símat.</p> <p>Lesfimiþróf í september, janúar og maí.</p> <p>Hlustunarskilningsþróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum yfir veturinn.</p> <p>Íslenskupróf í desember og maí.</p>

	Skriftar og ritunarverkefni útbúin af kennara.		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Orð af orði; orð dagsins og krossglímur.</li> <li>• Einstaklings-, para- og hópavinna.</li> </ul>	
<b>Lestur og bókmenntir</b>	Efni af vefsíðum , m.a. mms.is, skólavefnum, 123skóli, kennarinn.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.</li> <li>• notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.</li> <li>• greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</li> <li>• valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestur með ýmsum hætti.</li> <li>• Lesið upphátt fyrir kennara, lestrarömmur eða stuðningsfulltrúa.</li> <li>• Yndislestur 2-5 sinnum í viku.</li> <li>• Orð af orði; orð dagsins; krossglímur og KVL.</li> <li>• Einstaklings-, para- og hópavinna.</li> </ul>	
<b>Ritun</b>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.</li> <li>• beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sóknarskrift.</li> <li>• Nýta margmiðlun við vinnu í ritun.</li> <li>• Orð af orði; krossglímur og hugarkort.</li> <li>• Einstaklings-, para- og hópavinna.</li> </ul>	

<b>Málfræði</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>• gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.</li><li>• notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.</li><li>• beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.</li><li>• nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Verkefni í málfræði unnin á fjölbreytilegan hátt.</li><li>• Námsleikir.</li><li>• Hlutbundnar æfingar.</li><li>• Orð af orði; orð dagsins.</li><li>• Einstaklings-, para- og hópavinna.</li></ul>	
-----------------	--	--	---	--